



Almennar Siðareglur starfsmanna ríkisins

Í því skyni að efla fagleg vinnubrögð og auka traust á stjórnýslunni staðfestir fjármála- og efnahagsráðherra almennar siðareglur starfsmanna ríkisins sem hér fara á eftir, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við undirbúning reglnanna hefur verið haft samráð við samtök ríkisstarfsmanna, Félag forstöðumanna ríkisstofnanna, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnýsluna.

Hver starfsmaður gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Stjórnendur ríkisstofnana skulu enn fremur sjá til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og að þær séu eðlilegur þáttur í starfi þeirra. Í vafa tilvikum sem upp kunna að koma má leita ráðgjafar hjá samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnýsluna, sbr. b-lið 3. mgr. 25. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Ennfremur má koma ábendingum á framfæri við umboðsmann Alþingis en hann gætir þess meðal annars að stjórnýsla fari fram í samræmi við þessar siðareglur, sem settar eru á grundvelli laga nr. 70/1996, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis. Telji einhver að brot á siðareglum hafi jafnframt falið í sér að hann sjálfur hafi verið beittur rangsleitni er unnt að bera fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997.

Siðareglur þessar verður að skoða í samhengi við sértækari siðareglur sem kunna að gilda, sbr. siðareglur fyrir starfsfólk Stjórnarráðs Íslands, nr. 410/2012, reglur sem settar hafa verið fyrir einstaka stofnanir, sbr. heimild í 3. másl. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011, og siðareglur fagstétta.

Enn fremur eiga siðareglurnar að endurspeglar tiltekin grunngildi í störfum hjá ríkinu eins og heilindi, óhlutdrægni og skilvirkni.

Ríkisstarfsmönnum ber að:

1. Starfa í þágu almennings af vandvirkni, heiðarleika og samkvæmt bestu dómgreind.
2. Tileinka sér vinnubrögð sem skapað geta traust á starfi þeirra og stofnun.
3. Vinna gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna.
4. Efla vitund um jafnrétti og önnur mannréttindi.
5. Stuðla að gagnsæjum starfsaðferðum og góðum samskiptum á vinnustað.
6. Láta samstarfsfólk njóta sannmælis og sanngirni.
7. Gæta að orðspori vinnustaðar í samskiptum utan vinnu.
8. Hvetja samstarfsfólk til að leita réttar síns telji það á sér brotið.
9. Koma fram við borgarana af háttvísi og virðingu.
10. Virða skoðana- og tjáningarfrelsi.
11. Forðast hagsmunaárekstra.
12. Gæta þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf þeirra.
13. Leita samvinnu um úrlausn mála eftir því sem kostur er.

14. Standa vörð um óhlutdrægni og faglegt sjálfstæði.
15. Vekja athygli viðeigandi aðila á ólögætum ákvörðunum og athöfnum.
16. Axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum.